

Efni:

Birting stöðugleikaskilyrða

Hr. Már Guðmundsson, Seðlabankastjóri

Samhliða kynningu stjórnvalda á stöðugleikaskattinum þann 8.júní 2015 var tilkynnt að í stað skattsins stæði slitabúum gömlu bankanna til boða að greiða stöðugleikaframlag. Þetta stöðugleikaframlag átti að uppfylla svokölluð stöðugleikaskilyrði, sem væru í raun jafngild skattinum í þeim skilningi að þau standi með sama hætti vörð um hagsmuni heimila og fyrirtækja. Jafnframt kom fram að ferlið við afnám gjaldeyrishafta yrði opið og gagnsætt. Sú fyrirætlan var að mati undirritaðra góð enda ljóst að betur sjá augu en auga.

Nú, rúmunum þremur mánuðum síðar, hafa skilyrðin enn ekki verið birt opinberlega eftir því sem við komumst næst. Seðlabankinn hefur því enn ekki staðið við loforð stjórnvalda um opið og gagnsætt ferli. Svo virðist sem ekki einu sinni lykil hagsmunaaðilar eins og Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd eða bankaráð Seðlabankans hafi fengið kynningu á þeim. Einu aðilarnir sem vitað er til að hafi fengið upplýsingar um stöðugleikaskilyrðin eru slitabú gömlu bankanna og kröfuhafar þeirra. Samt eru einungis þrír mánuðir þar til frestur slitabúa til að undirgangast stöðugleikaskilyrðin rennur út

Stöðugleikaskatturinn átti að skila 850ma.kr. til ríkissjóðs, en þó var hægt að fá afslátt þannig að lækka mætti skattinn í 682ma.kr. gegn bindingu erlends gjaldeyris í landinu. Í nýjustu peningamálum metur Seðlabankinn hins vegar stöðugleikaframlagið samkvæmt tillögum slitabúanna upp á 15% af VLF eða um 300ma.kr. Þetta vekur upp mjög áleitnar spurningar um það hvernig stöðugleikaframlag upp á 300ma.kr. getur verið jafngilt 850ma.kr. stöðugleikaskatti.

Miðað við gríðarlegt mikilvægi þessara aðgerða fyrir íslensk heimili og lífskjör héraendis og loforða ríkisstjórnarinnar viljum við undirritaðir biðja þig um að birta:

- a) Stöðugleikaskilyrðin og útreikninga á því hvernig þau eru efnahagslega jafngild stöðugleikaskattinum með hliðsjón af greiðslujöfnuð þjóðarinnar.
- b) Tilboð slitabúanna um stöðugleikaframlög og hvernig þau uppfylla stöðugleikaskilyrðin.
- c) Áhrif stöðugleikaframlaganna á greiðslujöfnuð þjóðarinnar.
- d) Endurmat á stöðugleikaskilyrðunum með tilliti til þeirrar áhættu Ísland býr við t.d. samkvæmt viðvörðunum IMF, enda ber almenningur tjón af því ef bjartsýnar áætlanir ganga ekki eftir.

Þar sem mjög knappur tími er til stefnu biðjum við um að upplýsingarnar verði birtar innan viku. Kjósi Seðlabankinn að birta þessar upplýsingar ekki, biðjum við um rökstuðning fyrir því af hverju enginn nema slitabúin og kröfuhafar þeirra eigi að fá að sjá stöðugleikaskilyrðin og hvernig slík ákvörðun fellur að loforðum stjórnvalda um opið og gagnsætt ferli.

f.h. InDefence hópsins,

Dr. Agnar Helgason, mannfræðingur
Ólafur Elíasson, MBA
Dr. Torfi Þórhallsson, verkfræðingur

Davíð Blöndal, eðlis- og tölvunarfræðingur
Ragnar Ólafsson, félagssálfræðingur